

(B. XXIII, 1).

**Nd.**

### **51. Frumvarp**

til laga um sjerstakan vörutoll.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

#### 1. gr.

Af vörum þeim, sem fluttar eru til Íslands og taldar eru upp í lögum þessum, skal, auk gjalds þess, sem um ræðir í lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, greiða gjald í rikissjóð, eftir þyngd vörunnar eða eftir rúmmáli, sem hjer segir:

1. Af tómunum tunnnum og tunnahlutum, járnnum og járnvörum allskonar, vögnum, vagnhjólum og öðrum hlutum til vagna, rafmagnsmótorum, öðrum mótorum, glóðarlömpum, talsima- og ritsimaáhöldum, öðrum rafmagnsáhöldum, vjelum og vjelahlutum, færnum, önglum, öngultaumum, sjóklæðum, olíufatnaði, prentpappír, umbúðapappír og dýnamíti 10 kr. af hverjum 50 kg.

2. Af sementi, kalki, eldföstum leir og múrsteini 3 kr. af hverjum 50 kg.
3. Af salti, hvort sem það er flutt á land eða lagt til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar, 15 kr. af hverri smálest.
4. Af trjávið allskonar 90 aura af hverju teningsfeti.
5. Af kartöflum, niðursodinni mjólk, fiskibollum, smjörliki, sardinum, ansjós-um og smásild niðursodinni 6 kr. af hverjum 10 kg.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti slept.

2. gr.

Ákvæði 4.—15. greinar vörutollslaganna, nr. 38 1921, skulu og gilda um gjald þetta, að svo miklu leyti sem við eiga.

3. gr.

Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að gera samning við stjórnir þeirra ríkja, sem að dómi þess veita Íslandi hagstæð tollakjör fyrir íslenskar afurðir, um undanþágu frá þessum sjerstaka vörutolli.

4. gr.

Nú er sótt um undanþágu frá gjaldi þessu, og skal þá umsækjandi sanna það fyrir lögreglustjóra eða öðrum innheimtumanni rikissjóðs, að vara sú, sem sótt er um undanþágu fyrir, sje framleidd í landi, sem gert hefir slikan samning við stjórnarráð Íslands, sem um ræðir í 3. gr., eða fengið undanþágu samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Þangað til þeir væntanlegu samningar eru gerðir, sem um ræðir í 3. gr., hefir stjórnarráð Íslands heimild til að veita undanþágu þá, er þar getur, og tilkynnir innheimtumönnum rikissjóðs nöfn þeirra landa, sem undanþágunnar skulu njóta. Þó stendur þessi heimild ekki lengur en til 1. jan. 1925.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

#### Greinargerð.

Um ástæðuna til framkomu frv. þessa vísast til greinargerðar við frv. til laga um sildarbræðslu, á þingskjali 49.

En um frv. þetta sjerstaklega skal eftirfarandi tekið fram.

Af skýrslu frá Hagstofu Íslands sjest, að vörur þær, sem Norðmenn flytja til Íslands fyrir meira en 10 þús. kr., voru árið 1921 þessar:

Niðursoðin mjólk .....	303784 kr.
Smjörlíki .....	39789 —
Fiskbollur .....	27933 —
Sardínur, ansjósur og smásild niðursoðin ...	12996 —
Kartöflur .....	20428 —
Færi .....	258582 —
Öngultaumar .....	39967 —
Sjóklæði og olíufatnaður .....	168851 —
Steinolia .....	39944 —
Trjáviður .....	352118 —
Tunnustafir, svigar og botnar .....	10319 —
Sildartunnur .....	254476 —
Prentpappír .....	42207 —
Umbúðapappír .....	61933 —
Pappírspokar .....	51187 —
Dynamit .....	15466 —
Sement .....	277410 —
Salt .....	156250 —
Önglar .....	100176 —
Járn og járnvörur .....	84675 —
Vagnhjól og öxlar .....	31807 —
Rafmagnsmótorar .....	46242 —
Aðrir mótorar .....	14725 —
Glóðarlampar .....	13610 —
Talsíma- og ritsímaáhöld .....	114377 —
Önnur rafmagnsáhöld .....	138211 —
Vjelar og vjelahlutar .....	15567 —
Aðrar vörur .....	205723 —

En alls hafa árið 1921 flust inn vörur frá Noregi fyrir 2898760 kr.

Sje nú skýrsla þessi borin saman við skýrslu norsku hagstofunnar fyrir sama ár, um vörur fluttar frá Noregi til Íslands, kemur í ljós, að skýrslunum ber ekki vel saman. Meðal annars segir norska skýrslan innflutninginn enn meiri á sumum vörutegundum, og telur auk þess vörur, sem íslenska skýrslan nefnir alls ekki. T. d. telur norska skýrslan verð á niðursoðinni mjólk 50 þús. kr. hærra en íslenska skýrslan, verð á sjóklæðum og olíufatnaði nálega 30 þús. kr. hærra en íslenska skýrslan telur, verð á vagnhjólum nálega 10 þús. kr. hærra, og telur ost útfluttan til Íslands fyrir rúmar 20 þús. kr. og ullarvörur fyrir nálega 47 þús. kr., en þær tvær vörutegundir eru hvorugar nefndar í íslensku skýrslunni.

Af þessum ástæðum og eins hinu, sem alkunnugt er, að Norðmenn hafa lagt mikið kapp á að auka verslunarviðskifti sín við Ísland allra síðustu árin, mun óhætt að fullyrða, að norskar vörur flytjist nú til Íslands fyrir a. m. k. nokkru hærra upphæð árlega en Hagstofa Íslands telur fram fyrir árið 1921.

Af ástæðum þeim, sem vitnað er til hjer að framan, virðist rjett, að ríkis-sjóður hafi nú meiri tolltekjur af vörum þessum en verið hefir.

Flokkun vara þeirra, sem leggja á sjerstakan vórutoll á samkvæmt frv. þessu, er að mestu leyti tekin eftir vórutollslögunum og tollhæðin tífölduð eftir flokkun og tollhæð þeirra laga.